

# Algróið land þar sem áður voru aðeins gróðurlausir melar

A síðustu 3 árum hefur verið sáð í og borið á um 320 hektara af örfoka landi norðan Sandár á Biskupstungnaafretti. Svæði þetta er vestan Kjalvegjar en norðan vegarins að Hagavatni.

Uppgræðslan hefur verið kostuð af þremur aðilum. Fjáreigendur, sem fara með sauðfé í afréttinn, hafa greitt um 1/4 hluta áburðarins, Biskupstungnahreppur hefur greitt annan fjórðung hans, en Landgræðsla ríkisins hefur greitt helming áburðar og allt frá og að auki kostað flutning og dreifingu. Framlög fjáreigenda síðustu þrjú ár hafa numið samtals kr. 800420, — en Biskupstungnahrepps kr. 809800. —

Þetta starf virðist bera góðan árangur, og er nú nær algróið land, þar sem fyrir 3 árum voru svo til gróðurlausir melar. Landið hefur ekki verið girt af, og er margt fé á því síðari hluta sumars. Ekki er að sjá að það valdi skemmdum en teðslan myndar frjósaman jarðveg.

A fundi um landgræðslumál í Aratungu 16. júní sl. samþykktu fjáreigendur að leggja fram að sinum hluta andvirði allt að 20 tona á áburði til áframhaldandi uppgræðslu á þessu svæði í sumar. Hreppsnefnd hafði áður samþykkt að Biskupstungna-

hreppur kostaði önnur 20 tonn. Landgræðslan mun leggja fram 50 tonn á móti, allt frá og kosta flutning og dreifingu. Hluta af áburðinum verður dreift á land það, sem grætt hefur verið á síðustu árum, en hitt verður notað til áframhaldandi uppgræðslu á örfoka landi.

Með tilliti til fenginnar reynslu af uppgræðslu án girðinga gerði áður nefndur fundur eftirfarandi samþykkt:

— Almennur sveitarfundur um uppgræðslu, haldinn að Aratungu 16. júní 1975, varar við þeirri stefnu, að Landgræðsla ríkisins girði stór flæmi afréttarlanda, þegar sýnt er að ekki er nægt fjármagn til að græða innan þeirra girðinga, sem þegar eru fyrir hendi.


Bendir fundurinn á að hagstæðara er að girða minni girðingar og græða hraðar upp, þar sem rofabörð eru, en á örfoka landi verði grætt upp án þess að girtar séu sérstakar landgræðslugirðingar. Bendir fundurinn í því sambandi á reynsluna af uppgræðslu norðan Sandár á Biskupstungnaafretti. —

Allir þeir 30—40 bændur úr Biskupstungum, sem fund þennan sátu, samþykktu þessa ályktun.

## EYJÓLFUR J. EYFELLS NÍRÆÐUR Á NÆSTA ÁRI

# „Held áfram að mála í næsta lífi sé þess kostur“

— sagði listmálarinn er hann kynnti yfirlitssýningu sína á Kjarvalsstöðum



„Þessi botnlausu efnishyggja er að gera út af við flest í þessum heimi“ segir Eyjólfur. „Ég hef alltaf verið jafnaðarmaður og strax sem barn skildi ég aldrei hvers vegna einn var látinn vera fátækur meðan aðrir voru jafn ríkir og raun bar vitni.“

„Ég hef málað myndir frá því ég man eftir mér“ sagði Eyjólfur J. Eydell listmálarinn sem opnaði 28. stóra yfirlitssýningu að Kjarvalsstöðum. „Móðir mín gaf mér stílabók sem ég átti að skrifa í mína fyrstu stafi en áður en mér tókst að skrifa einn einasta staf var hver síða undirlögð fyrir teikningar. Þá var ég fimm ára og síðan hef ég fengið við myndlist af fullum krafti. Síðustu 60 árin hef ég helgað mig myndlistinni algjörlega.“


— Hvað heldurðu að þetta séu margar myndir sem þú hefur málað um æfina?

— Það er ómögulegt að segja. Þó er ég ekki frá því að þær nái jafnvel sjö til átta þúsundum. Mér hefur sem betur fer enst starfsþrekið vel. Ennþá get ég málað að vild og handstyrkurinn er slíkur að ég á ekki í nokkrum erfðileikum með penslana. Hver

veit nema ég geti haldið áfram að mála í næsta lífi, sagði Eyjólfur sem hefur frá barnæsku haft yfir að ráða ríku dulrænum hæfileikum og er í föstu sambandi við framliðið fólk. „Ég tala oft við aldráðan framliðinn mann og aðspurður sagði hann mér að ég gæti málað að vild minni þarna hinum megin ef ég bara kærði mig um það.“

Eyjólfur mun vera elstur núlifandi listmálarinn. Hann hefur haldið fjölda sýninga, innanlands og utan auk þess sem hann hefur tekið þátt í samsýningum. Að þessu sinni sýnir Eyjólfur a.m.k. 125 myndir og eru þær allar í einkaeign og víða að komnar. Sýningin er opin til 6. júlí daglega frá klukkan 16.00-22.00. A laugardögum og sunnudögum er hins vegar opnað klukkan 14.00 og opið til 10.

—gsp



Forsíða 2. heftis Réttar tileinkuð sigri vietnama. Pröstur Magnússon gerði kápumynd.

Þetta var eitt merkasta þing Komintern, en á því var vikið frá fyrri einangrunarstefnu og tekin upp samfylkingarstefna gegn fasismanum. Einar sat sjálfur þetta þing fyrir hönd Kommúnistaflokks Íslands og koma inn í greinina persónulegar minningar frá þinghaldinu. Einar rifjar upp hvaða persónur settu einkum svip sinn á þingið. En fyrst og fremst fjallar greinin þó um það, hvers vegna kommúnistar brugðust svo seint við hättunni af fasismanum og tóku svo seint upp samstarf við sósíaldemókrata. Einar segir m.a.

„Ýmsir nútímamenn dæma hart það andvaraleysi, sem sósíalistar, einkum þýskir úr báðum höfuðfylkingum verkalyðshreyfingarinnar, kommúnista og sósíaldemókrata, sýndu gagnvart hättunni á sigri fasismans í Þýskalandi 1933. Það er að visu skiljanlegt að menn dæmi hart, — en þó skyldu þeir hinir sömu stínga hendi í eigin barm og athuga hvernig menn bregðast nú við enn ægilegri hättum“.

„Það er alltaf auðvelt að vera vitar eftir á. En þegar við, sem upplifðum valdatöku fasismans og hrun þýskrar verkalyðshreyfingar, áttuðum okkur á hvað gerst hafði, þá var það bjartsýni 19. aldarinnar: trúin á óhjálpskvæmleika framþróunar, sem var brostin. Við sáum að sá möguleiki var til að allt yrði lagt í rústir, framfaraöfl mannfélagsins eyðilögð með líkamlegri útrýmningu forustuafla þeirra, jafnvel mannfélagsskipaninni kipt aftur á bak um aldir.“

Spurningin, sem krafðist þá — og krefst enn — svars, er hvernig stóð á að kommúnistaflokkarnir megnuðu ekki að móta í tíma rétta stefnu gegn fasismanum og hvað var um Komintern, uns það alþjóðasamband loks 1935 á 7. heimsþinginu mótaði þá sögulegu stefnu samfylkingarinnar. Við skulum ihuga þessi atriði gaumgæfilega.“

Þegar höfundur leitar svara við fyrrgreindri spurningu þá segir hann:

„Sú afstaða, sem að minni áliti hefur valdið hinna róttæku sósíalistisku — þ.e. kommúnistisku — hreyfingu mestum skaða, er það, sem á erlendu máli er nefnt „sektirismus“, furdulegt sam-

bland af ofsaróttækni, réttrúnaði og ofstæki — og tekur oftast á sig mikinn „vinstri“ svip á yfirborðinu og óskapast þá mjög gegn því, sem það kallar „endurskoðunarstefnu“ („revisionismus“). Hins vegar ber að muna að einmitt vinstri hreyfingin — kommúnisminn — í alþjóðahreyfingu sósíalismans er til orðin í baráttu við sjálfa tækifærisstefnuna, sósíaldemókratismann, þ.e. uppjöfina fyrir burgeisastéttinni og þjónustustarfseminni við ríkisvaldið, — og er því eðlilega alltaf betur á verði gegn slíkri „hægri“ stefnu en hinni „vinstri“.“

Góður sósíalisti hatar ranglæti og kúgun auðvaldsþjóðfélagsins og fyrirliður svikin við málstaðinn. En ef hann ætlar sem góður marxisti að leiða frelsisbaráttu verkalyðsins til sigurs, þá verður hann einnig að geta hugsad skýrt og akveðið með hlidsjón af öllum aðstæðum baráttuáferðina í hvert sinn, meðal annars getað hiklaust akveðið að verja borgaralegt lýðræðisform hins ranglata auðvaldsskipulags gegn fasismanum og í því skyni unnið með svikulum sósíaldemókratískum foringjum (og öðrum) (svo ekki sé talað um heilarlegan sósíaldemókratískan verkalyð, sem trúir þeim enn og treystir), ef þeir fást til baráttu gegn fasismanum.“

Síðan lýsir Einar viðureigninni við þetta ofstæki og hvernig Dimitroff hafði forgöngu í baráttunni fyrir samfylkingu. En höfundur hefur jafnan samtímann í huga er hann rifjar upp þessa atburði. Hann segir:

„Reikningsskil Dimitroffs við hina „sjálfumglöðu ofstækisstefnu“, „hinn forheimskvaða rétttrúnað“, við þá einangrunarsinna, sem ekki skilja „að forusta kommúnistaflokks fyrir verkalyðnum kemur ekki af sjálfu sér“ — var mjög hörð.“

„Forustu kommúnistaflokks verður hann að ávinna sér í baráttu verkalyðsins. Í því efni duga engar yfirlýsingar um forustuhlutverk kommúnista, til þess að ná slíkri forustu verður flokkurinn að ávinna sér traust verkalyðsins sökum daglegrar fjöldastarfsemi sinnar og réttar stjórnmálastefnu“ — segir Dimitroff í ræðu sinni. — Og þetta á enn erindi til fjölda kommún-

istaflokka, m.a. var lögð sérstök áhersla á þetta atriði í sögulegum samþykktum miðstjórnar Kommúnistaflokks Tékkóslóvakíu í apríl 1968 (Dubcek-tím-anum)“.

Í lok greinarinnar fjallar höfundur um samfylkingu á stórveldasviði og kemur þar inn á baráttuna gegn fasismanum í seinni heimsstyrjöldinni og sigurinn fyrir 30 árum. Loks bendir hann á þá hættu er enn vofir yfir mannkyninu frá þeirri yfirstétt er ræður yfir geryeðingarpöppum. „Ekkert villidýr er grimmarara en auðmaðurinn sem óttast um auð sinn og völd“ og síðan beinir ritstjórnin skeytum sínum að bandarískri auðmannastétt. En um valdhafa í alþýðustórveldum segir Einar: „Valdamenn alþýðustórveldanna þurfa að varast að láta valdið — ríkisvaldið — stíga sér til höfuðs. Valdið — ríkisvaldið ekki sist — er í eðli sínu alger mótsögn við hugsjón jafnt sósíalisma sem samfylkingar, — en valdið, vald alþýðunnar, er forsenda fyrir framkvæmd hvortveggja hugsjónarinnar. Ofstæki það, sem valdið getur skapað í alþýðuríkjunum, hefur þegar leitt til hörmulegustu illverka í heimi sósíalismans. Af því þarf að læra, og læra til fulls.“

Vald Sovétríkjanna er undirstaða að valdi sósíalismans í heiminum. Vald þeirra er það eina, sem heldur villidýrinu í Washington í skefjum. Bresjef sýnir hæfileika sem stjórnskröngur stórveldis með samningum við Willy Brandt og Nixon. En hann á eftir að sýna sig sem mikill marxistiskur leiðtogi með því að ná samfylkingu við Mao og Dubcek.

Það þarf vald til að semja um vopnahlé við voldugan andstæðing, en það þarf umburðarlyndi til að ná samstarfi við raunverulega samherja, sem hafa á ýmsum sviðum ólíkar skóðanir.“

### Annað efni:

Auk fyrrgreindra greina er að finna æviminningar um rússneska rithöfundinn Drabkinu og jógóslavneska kommúnistaleiðtogann Veljko Vlahovic. Þá er birt stofnfundargerð Verkalyðsambands Norðurlands frá árinu 1925, auk þess innlend og erlend viðsjá og Neistar.